

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á gjaldskyldu og gjaldskrá bílastæða

Lagt er til að borgarstjórn samþykki eftirfarandi breytingar á gjaldskyldu og gjaldskrá bílastæða í Reykjavík:

- Að gjaldskylda á gjaldsvæðum P1 og P2 falli niður eftir kl. 18 virka daga.
- Að gjaldskylda á laugardögum verði stytt og falli niður eftir kl. 16.
- Að gjaldskylda á sunnudögum verði felld niður.
- Að farið verði í endurskoðun á gjaldtöku á íbúasvæðum með það að markmiði að bæta íbúakort og einfalda kerfið.
- Að innleitt verði sérstakt bílastæðakort fyrir atvinnurekendur í miðborg.
- Að ráðist verði í markvissa kynningu á bílastæðahúsum borgarinnar og aðgengi að þeim.
- Að gjald á gjaldsvæði P1 verði tekið til endurskoðunar með það að markmiði að lækka gjaldtöku.
- Að áður en breytingar á gjaldskrá og gjaldskyldu taka gildi verði haft virkt samráð við samtök rekstraraðila og íbúasamtök í miðborginni og Vesturbæ, enda var slíkt samráð ekki tryggt við síðustu breytingar.

Greinargerð

Sumarið 2023 var gjaldskylda bílastæða í Reykjavík aukin verulega, bæði með hækkun gjalda og lengingu gjaldskyldutíma. Gjaldskylda nær nú langt fram á kvöld og til sunnudaga í miðborginni.

Við afgreiðslu málsins í umhverfis- og skipulagsráði var felld tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að breytingarnar yrðu kynntar fyrir samtökum rekstraraðila í miðborginni og viðkomandi íbúasamtökum og íbúaráðum áður en þær tækju gildi. Með þeirri tillögu var leitast við að tryggja að þeir sem nýta miðborgina daglega fengju tækifæri til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar.

Íbúar og atvinnurekendur í miðborginni kalla eftir breytingum á núverandi fyrirkomulagi þar sem það hefur haft bein áhrif á aðgengi almennings að miðborginni. Fjölmargir íbúar og gestir upplifa að þröskuldur til að sækja miðborgina hafi hækkað, sérstaklega utan hefðbundins vinnutíma.

Þótt nýting bílastæða sé mikil á ákveðnum tímum getur það ekki verið sjálfstætt markmið að hámarka nýtingu ef það dregur úr aðgengi, þjónustu og mannlífi.

Með því að fella niður gjaldtöku á kvöldin og sunnudögum er unnt að lækka þröskuld fyrir íbúa og gesti, styðja við rekstur verslana og veitingastaða, auka líf og öryggi í miðborginni og jafna aðgengi milli ólíkra hópa.

Jafnframt er mikilvægt að einfalda kerfið, bæta íbúakort og tryggja að atvinnurekendur geti starfað við eðlilegar og fyrirsjáanlegar aðstæður. Núverandi fyrirkomulag er flókið og hefur í mörgum tilvikum skapað óvissu og óánægju.

Markmið tillögunnar er að gera miðborg Reykjavíkur aðgengilega, lífandi og samkeppnishæfa fyrir íbúa og atvinnulíf.